

Auglýsing um fólkvang í Hrótey í Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu.

Að tillögu hreppsnefndar Blönduóshrepps hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að lýsa Hrótey í Blöndu fólkvang samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Um fólkvanginn gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólki er frjálst og heimil umferð um eyrna enda varist það að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi.
2. Óheimilt er að raska bergmyndunum á svæðinu. Ætlast er til góðrar umgengni í hvívetna af þeim sem eyrna heimsækja.
3. Umferð vélknúinna ökutækja og vinnuvéla um fólkvanginn er bönnuð. Meðferð skotvopna er einnig bönnuð nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi hreppsnefndar Blönduósshrepps.
4. Allt jarðrask og mannvirkjagerð í fólkvanginum er óheimil nema til að greiða fyrir útivist fólks þar en í hvívetna skal haft samráð við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.
5. Bannað er að beita búpeningi í Hrótey.

Eftirlit með fólkvanginum er í höndum hreppsnefndar Blönduóshrepps í samráði við náttúruverndarnefnd Austur-Húnavatnssýslu.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnun]eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

Birgir Thorlacius